



2019

Skýrsla
Ytra mat á grunnskólastarfi
Nám og kennsla
Melaskóli



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Ytra mat í Melaskóla í september 2019

Kaflí 2: Nám og kennsla

Kaflí 2 um nám og kennslu er hluti af gæðaviðmiðum um skólastarf sem má nálgast á heimasíðu Reykjavíkurborgar undir vefslóðinni [mat á skólastarfi](#).

Ritun skýrslu:

Sigrún Harpa Magnúsdóttir, ritstjóri

Arnar Ævarsson

Dröfn Rafnsdóttir/Helga Ágústsdóttir

Guðrún Edda Bentsdóttir

Halla Magnúsdóttir

Hrund Logadóttir

Valgerður Erna Þorvaldsdóttir

Töflur og myndir:

Ásgeir Björgvinsson, Lesskimun og Talnalykill (fylgiskjal 4)

Sara Björg Ólafsdóttir, samantekt kennslustunda í Melaskóla (fylgiskjal 3)

Rekstrarniðurstaða:

Haukur Viðar Alfreðsson (fylgiskjal 5)

Ljósmyndir á forsíðu:

Af heimasíðu Melaskóla

INNGANGUR	5
MELASKÓLI – YFIRLIT NIÐURSTAÐNA YTRA MATS Í SEPT. 2019.	6
MELASKÓLI	7
SAMANTEKT – GREINING Á SKÓLASTARFI Í MELASKÓLA	8
NÁM OG KENNSLA - SAMANTEKT	9
INNTAK OG NÁMSSKRÁ	9
ÁRANGUR NÁMS	10
GÆÐI KENNSLU	11
SKIPULAG NÁMS.....	11
NÁMSVITUND.....	11
ÁBYGÐ OG ÞÁTTTAKA	12
FYLGISKJÖL	13
FYLGISKJAL 1: VIÐMIÐ UM MAT Á GÆÐUM KENNSLUSTUNDAR	14
FYLGISKJAL 2: VETTVANGSATHUGUN, GÁTLISTI MATSAÐILA	15
FYLGISKJAL 3: VETTVANGSHEIMSÓKNIR Í 33 KENNSLUSTUNDUM	17
FYLGISKJAL 4: NIÐURSTÖÐUR KANNANA OG SKIMANA Í MELASKÓLA.	21
Samræmd könnunarpróf.....	21
Lesskimun.....	21
Milli mála, málskilningspróf.	23
Talnalykill.	23
Skólapúlsin, nemendakönnun.....	26
FYLGISKJAL 5: REKSTRARNIÐURSTAÐA MELASKÓLA FRÁ 2015-2018.	28

Myndir:

Mynd 1: Samantekt á niðurstöðum samræmdra könnunarprófa í 4. bekk í Melaskóla.	10
Mynd 2: Samantekt á niðurstöðum samræmdra könnunarprófa í 7. bekk í Melaskóla.	10
Mynd 3: Mat á 33 kennslustundum í Melaskóla	17
Mynd 4: Hafa nemendur val um verkefni?	18
Mynd 5: Hafa nemendur val um útfærslu verkefna?	18
Mynd 6: Einstaklings- eða samvinna í 33 kennslustundum í Melaskóla.	19
Mynd 7: Notkun í upplýsingatækni í 33 kennslustundum í Melaskóla.	19
Mynd 8: Eru markmið stundarinnar sýnileg, í 33 kennslustundir í Melaskóla.	19
Mynd 9: Eru markmið kynnt, í 33 kennslustundum í Melaskóla.	20
Mynd 10: Lýsing kennsluhátta, fræðandi, leiðbeinandi eða blanda.	20
Mynd 11: Hlutfall nemenda sem geta lesið sér til gagns.	22
Mynd 12: Árangur Melaskóla í Lesskimun.	23
Mynd 13: Meðaltal í Talnalykli eftir árum og prófbáttum.	24
Mynd 14: Hlutföll nemenda í Melaskóla og í Reykjavík eftir þrepum.	25

Töflur:

Tafla 1. Mat á 33 kennslustundum í Melaskóla.	17
Tafla 2. Kennsluaðferðir notaðar í 33 kennslustundum í Melaskóla.	18
Tafla 3: Samræmd könnurpróf, niðurstöður Melaskóla árin 2015-2018.	21
Tafla 4: Niðurstöður Skólapúlsins, 1.-5. bekkur 2018-19.	26
Tafla 5: Niðurstöður Skólapúlsins, 6.-7. bekkur 2017-18.	27

INNGANGUR

Í þessari skýrslu er fjallað um niðurstöður ytra mats í Melskóla sem fór fram í september 2019. Matið var framkvæmt af starfsfólki við skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar. Matsteymið var skipað sérfræðingum frá tölfraði- og rannsóknþjónustu, fagskrifstofu grunnskóla, Miðju máls og læsis, mannauðsþjónustu skóla- og frístundasviðs og kennsluráðgjafa frá þjónustumiðstöð Árbæjar.

Ákveðið var af framkvæmdastjórn skóla- og frístundasviðs að Melaskóli yrði einn af þeim skólum sem færu í ytra mat skólaárið 2019-2020. Gagna var aflað með vettvangsathugunum, rýnihópum og viðtölum en auk þess var farið yfir ýmis gögn skólans, niðurstöður kannana og skimana auk þess sem könnun var lögð fyrir starfsmenn í tengslum við matið en svarhlutfall var 50%.

Hafa ber í huga að þær gagnaöflunarleiðir sem stuðst er við, það er rýnihópaviðtöl, vettvangsathuganir, kannanir og gagnaskoðun, eru þess eðlis að niðurstöðurnar hafa takmarkað alhæfingargildi en gefa fjölbreyttar vísbendingar um það starf sem fram fer í skólanum.

Árið 2018 voru ný og endurskoðuð matsviðmið tekin í notkun hjá Menntamálastofnun við ytra mat á grunnskólum. Markmið endurskoðunarinnar var meðal annars að skerpa á kröfum, láta matið auka vægi lærdómssamfélagsins og skerpa á árangurskröfum. Reykjavíkurborg tók þátt í endurskoðun viðmiðanna og tók í framhaldi ákvörðun um að nota viðmiðin við ytra mat á skólum í Reykjavík frá og með hausti 2019, en meta eingöngu kafla um nám og kennslu, kafla 2. Melaskóli er fyrsti skólinn í Reykjavík til að vera metin út frá nýjum [viðmiðum](#). Þau eru birt á heimasíðu skóla- og frístundasviðs undir yfirskriftinni mat á skólastarfi.

Nýr litaskali var gerður með nýjum viðmiðum. Þess vegna eru prófilar skóla ekki samanburðarhæfir milli þeirra skóla sem metnir voru á árunum 2014 til hausts 2018. Eftir það tekur nýtt matstæki og nýr litaskali við.

Heildarstig undirkafla	Litur	Lýsing á starfi
3,6 - 4,0 A		Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf. Flestir eða allir þættir sterkir.
2,6 - 3,5 B		Gott verklag, margir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi en möguleikar á umbótum. Fleiri styrkleikar en veikleikar.
1,6 - 2,5 C		Uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast úrbóta. Fleiri veikleikar en styrkleikar.
1,0 - 1,5 D		Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf í mörgum mikilvægum þáttum. Mikil þörf á umbótum á flestum eða öllum þáttum.

MELASKÓLI – YFIRLIT NIÐURSTAÐNA YTRA MATS Í SEPT. 2019.

Niðurstöður ytra mats Melaskóla í september 2019 Nám og kennsla	
Inntak og námskrá	Skipulag náms
Árangur náms	Námsvitund
Gæði kennslu	Ábyrgð og þátttaka

MELASKÓLI

Kennsla hófst í Melaskóla í Vesturbæ 5. október 1946. Haustið 1999 var ný skólabygging tekin í notkun og þá varð skólinn jafnframt einsetinn. Fjögur megingildi skólans eru vellíðan, samvinna, metnaður og sköpunargleði.

Nemendur í Melaskóla eru á aldrinum 6 til 12 ára. Haustið 2019 voru nemendur 570 talsins í 28 bekkjardeildum.

Fjöldi nemenda eftir bekkjardeildum:							
Bekkur	1.	2.	3.	4.	5.	6.	7.
Fjöldi nemenda	64	64	75	104	79	94	90
Fjöldi bekkjardeilda	4	3	4	5	4	4	4

Starfsmenn Melaskóla voru um 80 þegar matið fór fram. Stjórnendur eru þrír, skólastjóri og tveir deildarstjórar, annars vegar deildarstjóri yngsta stigs og hins vegar miðstigs. Kennarar eru 52, þar af störfuðu 4 kennarar með sérkennarmenntun sem sérkennarar. Leiðbeinendur með aðra háskólamenntun eru 6. Kennarar og leiðbeinendur eru nær allir í 100% starfi, þ.e.a.s. 52 kennarar í 46 stöðugildum og 6 leiðbeinendur í 5,5 stöðugildum. Við skólann starfa einnig verkefnisstjóri, námsráðgjafi og þroskaþjálfari ásamt skrifstofustjóra, umsjónarmanni skólahúsnæðis, stuðningsfulltrúum, skólaliðum og yfirmanni mötuneytis.

STYRKLEIKAR.

Skólabragur Melaskóla einkennist almennt af jákvæðum anda og vinsemd. Gagnkvæm virðing er ríkjandi, samskipti eru góð og nemendur eru almennt áhugasamir um nám sitt og nýta tímann vel í skólanum. Flestar kennslustundir sem matsaðilar fóru í voru metnar góðar eða 26 kennslustundir af 33 (79%). Bekkjarafundir eru fastir liðir á stundatöflum allra nemenda, margir nemendur/árgangar hafa fengið leiðsögn um hvernig þeir setja sér markmið, markvisst er unnið er að innleiðingu leiðsagnarnáms og fjölbreyttar kennslustundir voru sýnilegar í byrjendalæsi á yngsta stigi. Nemendalýðræði og raddir nemenda fá gott rými í skólastarfinu, t.d. með bekkjarfundum, í gegnum nemendafélagið, skóla- og réttindaráð og með könnun Skólapúlsins og eineltiskönnun sem markvisst er unnið með. Nemendur skólans tóku þátt í skólapingi Melaskóla vorið 2019. Upplýsingar frá nemendafélagi og skólaráði eru aðgengilegar á heimasíðu skólans.

Kennarar eru öryggir í störfum sínum, þeir vinna þétt saman innan árganga og vilji er til þess að auka samstarfið enn frekar. Kennarar sýndu fagmennsku og kennslufræðilega hæfni í kennslustundum sem heimsóttar voru og skipulag kennslustunda var að jafnaði gott. Búið er að gera kennsluáætlanir allar námsgreina með hæfniviðmiðum í lok 4. og 7. bekkjar, sem eru aðgengilegar á heimasíðu skólans og haldin er námskynning fyrir foreldra á hverju hausti, sem mikil ánægja er með.

Árangur nemenda skólans er mjög góður í könnunum sem nemendur taka þátt í. Melaskóli hefur verið yfir landsmeðaltali á samræmdum könnunarprófum, bæði í 4. bekk og 7. bekk og auk þess verið yfir landsmeðaltali í könnun um líðan nemenda í Skólapúlsi.

TÆKIFÆRI TIL UMBÓTA

Birta ætti skólanámskrá með öllum þáttum sem tilgreindir eru í aðalnámskrá, m.a. gera grein fyrir hvernig unnið er að því að efla lykilhæfni nemenda og tengsl grunnþáttanna við nám og kennslu. Einnig ætti að birta hvernig námsaðlögun er háttað í hverri námsgrein eða viðfangsefni og útfæra námsmat á þann hátt að viðmið séu skýr, þ.e. hvað þurfi til að ná hæfninni. Auk þess ætti að setja fram í náms- og kennsluáætlunum hvernig námsaðlögun skuli háttað með einstaklingsmiðun að leiðarljósi en stuðningur við einstaka nemendur þarf að vera skipulagður með rökstuddri einstaklingsnámskrá innan ramma bekkjarnámskrár. Vinna ætti heildaráætlun um stuðning með aðkomu starfsfólks og kynna hana betur fyrir starfsfólki.

Leggja þarf meiri áherslu á að kynna öllum nemendum námsmarkmið og viðmið um árangur, vinna með markmið námsins, læra að setja sér markmið tengd hæfni og skipuleggja nám sitt. Nemendur sem þurfa stuðning og foreldrar þeirra ættu að vera með í ráðum um námsmarkmið og almennt ættu markmið náms og kennslu að vera betur kynnt foreldrum og nemendum, m.a. á Mentor. Tækifæri eru til að efla enn frekar kennsluhætti þar sem reynir á rök hugsun, gagnrýna hugsun, samstarf og skoðanaskipti nemenda. Huga þarf betur að því að nemendur hafi meira val um verkefni og útfærslur þeirra og að bráðgerir nemendur fái verkefni sem vekur áhuga þeirra.

Leggja ætti meiri áherslu á sköpun í öllu skólastarfinu og efla ætti notkun upplýsinga- og samskiptatækni. Æskilegt væri að list- og verkgreinakennarar kæmu meira að námskynningu að hausti.

Endurskoða þarf hvernig hægt er uppfylla viðmiðunarstundatöflu fyrir list- og verkgreinar, endurnýja þarf húsbúnað, tölvukost og bæta vinnuaðstöðu og brýnt er að bæta verulega aðgengi í skólanum fyrir hreyfihamlaða.

NÁM OG KENNSLA - SAMANTEKT

Í viðmiðum um nám og kennslu í grunnskóla er fjallað um inntak og námskrá, árangur náms, gæði kennslu, skipulag náms, námsvitund og ábygð og þátttöku.

Hér á eftir eru styrkleikar og tækifæri til umbóta úr niðurstöðum ytra mats í Melaskóla. Samantektin byggir á viðmiðum og vísbendingum um gæði í skólastarfi.¹

INNNTAK OG NÁMSSKRÁ


STYRKLEIKAR

- Samskipti í skólasamfélaginu einkennast af virðingu og vinsemd.
- Kynning á námi er fyrir foreldra í upphafi skólaárs.


TÆKIFÆRI TIL UMBÓTA

- Birta ætti skólanámskrá með öllum þáttum sem tilgreint er í aðalnámskrá.
- Gera grein fyrir hvernig unnið er að því að efla lykilhæfni nemenda.
- Gera betur grein fyrir tengslum grunnþáttanna við nám og kennslu.
- Birta ætti hvernig námsaðlögun er háttað í hverri námsgrein eða viðfangsefni.
- Markmið náms og kennslu þurfa að vera betur kynnt foreldrum og nemendum.
- Setja ætti fram í náms- og kennsluáætlunum hvernig námsaðlögun skuli háttað með einstaklingsmiðun að leiðarljósi.
- Stuðningur við einstaka nemendur þarf að vera skipulagður með rökstuddri einstaklingsnámskrá innan ramma bekkjarnámskrár.
- Vinna ætti heildaráætlun um stuðning með aðkomu starfsfólks og kynna hana betur fyrir starfsfólki.
- Æskilegt væri að list- og verkgreinakennarar kæmu meira að námskynningu að hausti.

¹ https://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/skjol_utgefid_efni/gaedavidmid_grunnskola_2019.pdf



Mynd 1: Samantekt á niðurstöðum samræmdra könnunarprófa í 4. bekk í Melaskóla.



Mynd 2: Samantekt á niðurstöðum samræmdra könnunarprófa í 7. bekk í Melaskóla.

STYRKLEIKAR

- Árangur nemenda skólans er mjög góður í könnunum sem nemendur taka þátt í.
- Melaskóli er yfir landsmeðaltali á samræmdum könnunarprófum, bæði í 4. bekk og 7. bekk.
- Melaskóli er yfir landsmeðaltali í könnun Skólapúlsins um líðan nemenda.
- Markvisst er unnið með niðurstöður eineltiskönnunar í tengslum við Olweusarverkefnið og niðurstöður Skólapúlsins.

TÆKIFÆRI TIL UMBÓTA.

- Tryggja þarf að niðurstöður allra kannana séu kynntar hagsmunaaðilum og unnið sé markvisst með niðurstöðurnar.
- Í kennsluáætlunum þarf að útfæra námsmat á þann hátt að viðmið séu skýr, þ.e. hvað þurfi til að ná hæfninni.
- Í einstaklingsnámskrám þarf námsmat að koma skýrt og reglulega fram.

GÆÐI KENNSLU

STYRKLEIKAR

- Kennslustundir voru flestar metnar góðar og einstaka frábærar.
- Nemendur eru almennt áhugasamir um nám sitt og námstími er vel nýttur.
- Kennarar voru öryggir í störfum sínum.
- Byrjendalæsi, með fjölbreyttum kennsluháttum var sýnilegt á yngsta stigi.

TÆKIFÆRI TIL UMBÓTA.

- Leggja þarf meiri áherslu á að kynna öllum nemendum námsmarkmið og viðmið um árangur.
- Tryggja þarf að einstaklingsnámskrár séu gerðar fyrir nemendur sem þurfa stuðning, þær tengist bekkjarnámskrám og fram komi markmið, leiðir, námsmat, námsframvinda og ábyrgð hagsmunaaðila.

SKIPULAG NÁMS

STYRKLEIKAR

- Kennarar vinna þétt saman innan árganga og vilji er til þess að auka samstarf enn frekar.
- Bekkjarafundir eru fastir liðir á stundatöflu nemenda.

TÆKIFÆRI TIL UMBÓTA.

- Leggja ætti meiri áherslu á sköpun í öllu skólastarfinu.
- Efla ætti notkun upplýsinga- og samskiptatækni í námi nemenda.
- Endurnýja þarf húsbúnað og tölvukost og bæta vinnuaðstöðu.
- Endurskoða þarf hvernig hægt er uppfylla viðmiðunarstundatöflu fyrir list- og verkgreinar.
- Brýnt er að bæta aðgengi í skólanum fyrir hreyfihamlaða verulega.

NÁMSVITUND

STYRKLEIKAR

- Nemendur voru almennt áhugasamir um nám sitt og námstími vel nýttur.
- Margir nemendur/árgangar hafa fengið leiðsögn um hvernig þeir setja sér markmið.

TÆKIFÆRI TIL UMBÓTA.

- Efla ætti enn frekar kennsluhætti þar sem reynir á rökhugsun, gagnrýna hugsun, samstarf og skoðanaskipti nemenda.
- Huga þarf betur að því að nemendur fáist við fjölbreytt viðfangsefni og hafi meira val um útfærslur verkefna.
- Bæta þarf þátttöku allra nemenda við að vinna með markmið námsins, læra að setja sér markmið tengd hæfni og skipuleggja nám sitt.
- Nemendur sem þurfa stuðning og foreldrar þeirra ættu að vera með í ráðum um námsmarkmið.

STYRKLEIKAR

- Nemendalýðræði og raddir nemenda fá rými í skólastarfinu t.d. með bekkjarfundum, í gegnum nemendafélagið, skóla- og réttindaráð og í könnun Skólapúlsins og eineltiskönnun.
- Nemendaviðtöl munu fara fram á þessu skólaári.
- Nemendur tóku þátt í skólaþingi vorið 2019.
- Upplýsingar frá nemendafélagi og skólaráði eru aðgengilegar á heimasíðu skólans.

TÆKIFÆRI TIL UMBÓTA.

- Huga þarf að því að kynna og setja upplýsingar um réttindaráð og Barnasáttmála á heimasíðu skólans.

FYLGISKJÖL

FYLGISKJAL 1: VIÐMIÐ UM MAT Á GÆÐUM KENNSLUSTUNDAR

Frábær

Kenningstundin telst a.m.k. góð í öllum meginatriðum og til fyrirmyndar í ákveðnum þáttum sem sést á því að allir nemendur taka greinilegum framförum.

Góð

Flestir nemendur ná árangri vegna góðrar kenningu. Hegðun er almennt góð og nemendur áhugasamir. Þeir vinna í öruggu og vinsamlegu umhverfi.

Kenningin byggir á öruggri þekkingu á námsgreininni ásamt vel skipulögðum verkefnum sem nemendur fást við. Verkefnin mæta vel ólíkum þörfum nemenda svo flestir fá verkefni við hæfi. Kenninguáferðir eru í samræmi við markmið kenningstundarinnar og þarfir nemenda. Stuðningsfulltrúar og aðrar bjargar eru vel nýttar og tími vel nýttur. Mat á verkum nemenda er stöðugt, samræmt og styður við framfarir.

Þarf að bæta

Kenningstundin telst ekki óviðunandi í neinum meginþáttum og kann að vera góð í sumum þáttum sem kemur fram í því að flestir nemendur njóta stundarinnar og ná viðunandi árangri.

Óviðunandi

Kenningstund getur ekki talist viðunandi ef:

- Flestir nemendur eða ákveðinn hluti nemendahópsins ná ekki fullnægjandi árangri.
- Almenn hegðun nemenda eða viðhorf eru óviðunandi og ekki virðist vera stuðlað að alhliða þroska og menntun.
- Heilsa eða öryggi nemenda er ekki tryggt.

Kenningin er óviðunandi. Óviðunandi kenningu einkennist að öllum líkindum af einu eða fleiri eftirfarandi:

- Lítil þekking á námskrá sem leiðir af sér ónákvæmni í kenningu og litlar kröfur til nemenda.
- Verkefni ríma ekki við fyrri þekkingu nemenda.
- Bekkjarstjórnun er ábótavant.
- Áferðir henta ekki námsmarkmiðum eða ná ekki að vekja áhuga nemenda.
- Óviðunandi nýting bjarga, þ.m.t. aðstoðarmanna og tímans sem til ráðstöfunar er.
- Lítil áhersla er á mat og endurgjöf.


FYLGISKJAL 2: VETTVANGSATHUGUN, GÁTLISTI MATSAÐILA

Vettvangsathugun – gátlisti	Skóli
Matsaðili:	
Bekkur:	Dags./vikud.:
Námsgrein:	Kl.(upphaf-lok)
Kennari:	Fjöldi nemenda í stundinni:
Aðrir starfsmenn:fjöldi/hlutverk	Fjöldi nemenda í sérurræði:
Kennsluhættir: Innlögn, verkefnavinna, þemavinna, verklegt, sköpun og tjáning, tilraunir, markviss samvinna, sjálfstæð vinna/eigið val, bekkjarfundur.	Samvinna: Einstaklingsvinna: Nemendur nota UT: Kennari notar UT:
Nemendur hafa val um verkefni:	Námsmarkmið eru gerð sýnileg:
Nemendur hafa val um útfærslu verkefnis:	Námsmarkmið eru kynnt:
Kennslustundin er: fræðandi __ leiðbeinandi __ blanda __	
Fræðandi kennslustund: Kennarinn miðlar fyrst og fremst efni, staðreyndum og hugtökum. Kennsluathafnir eru að útskýra, sýna og spyrja. Ef spurt, þá eru það spurningar sem kalla oftast á eitt rétt svar. Vinna við verkefni og vinnubækur mótast af því að taka á móti staðreyndum og setja þær fram á ákveðinn hátt, ein þekkt lausn.	
Leiðbeinandi: Kennarinn stýrir framvindu kennslustunda en leggur áherslu á krefjandi spurningar og lausnaleit sem reynir á rökhugsun nemenda. Áhersla er á námsferlið sem leið til náms frekar en námsefnið einvörðungu. Nemandinn er í forgrunni og hann er virkur í að athuga, rannsaka og draga ályktanir. Áhugi nemenda og forvitni er drifjöður námsathafna. Kennarinn skapar námsaðstæður og tækifæri nemenda til þátttöku, hann sér um að bjargir séu til staðar og veitir endurgjöf meðan á námi stendur.	
Skipulag kennslustofunnar	
Sætaskipan/uppröðun	
Hvað er á veggjum/töflunni/ reglur sýnilegar	
Tölvur og tækni	
Kennslugögn	
Staðsetning kennarans	
Aðrir starfsmenn/virkni þeirra	
Annað	
Framvinda kennslustundarinnar	
Upphaf kennslustundar: <i>Hvernig er tekið á móti nemendum? Er heilsað? Nafnakall ?</i>	
Kennslustundin er vel undirbúin	
Kveikja/ áhugi vakinn	
Tíminn er vel nýttur (nemendur virkir á 5 mín.)	
Kennarinn dregur saman í lokin	
Kennslustund lýkur formlega	
Markmið, mat og endurgjöf	
Hver eru markmið stundarinnar?	
Nemendur þekkja markmiðin	
Viðmið um árangur eru sýnileg	
Nemendur fá leiðbeinandi endurgjöf (leiðsagnarmat)	
Námsmat er fjölbreytt	
Sjálfsmat og/eða jafningjamat	
Skriflegt mat kennara kemur fram í vinnubókum eða annarsstaðar	

Samskipti og samstarf			
Fjölbreytileikinn er virtur			
Samskipti nemenda er jákvæð			
Gagnkvæm virðing ríkir fyrir öllum			
Samvinna er markvisst þjálfuð			
Vinnufriður			
Markviss bekkjarstjórnun			
Kennsluaðferðir og vinnutilhögun			
Kennslan er skipulögð til að mæta ólíkum þörfum nemenda			
Nemendur hafa val			
Verkefnin eru krefjandi			
Verkefnin eru heildstæð og samþætt			
Allir nemendur eru virkir			
Kennsluhættir hæfa verkefnum			
Kennsluhættir eru fjölbreyttir			
Nemendur þjálfast í sjálfstæði			
Nemendum er kennt að setja sér markmið			
Nemendur nýta sér mismunandi leiðir í náminu m.a. upplýsingatækni			
Nemendur fá þjálfun í að koma sjónarmiðum sínum á framfæri			
Tíminn sem nemendur fá til að tjá sig um námið er ekki minni en tími kennarans			
Námsaðlögun			
Kennslan er löguð að stöðu nemenda			
Verkefnin eru í samræmi við námsmarkmið hvers og eins			
Nám tekur mið af áhuga og hæfni nemenda			
Nemendahópar vinna að mismunandi verkefnum með fjölbreyttum aðferðum			
Nemendur geta valið sér námsaðferðir			
Grunnþættir menntunar skv. aðalnámskrá eru sýnilegir			
Læsi			
Sjálfbærni			
Heilbrigði og velferð			
Lýðræði og mannréttindi			
Jafnrétti			
Sköpun			
Tvö atriði sem eru vel gerð og eitt sem má bæta:			
Frábær	Góð	þarf að bæta	Óviðunandi

FYLGISKJAL 3: VETTVANGSHEIMSÓKNIR Í 33 KENNSLUSTUNDUM

Matsaðilar fóru í 33 kennslustundir og notuðu viðmið um gæði í kennslustundum (fylgiskjal 1) með gátlista (fylgiskjal 2) við matið. Metið var hvernig val á verkefnum fór fram, hvaða kennsluaðferðir voru notaðar, hvort nemendur unnu einstaklingslega eða í samvinnu, hvort upplýsingatækni var notuð, hvort markmið voru kynnt nemendum í kennslustundinni eða gerð sýnileg og hvernig kennslustundin var metin í heildina. Einnig var í skráð hvort kennslustundin hafi verið fræðandi, leiðbeinandi eða blanda af báðum².



Mynd 3: Mat á 33 kennslustundum í Melaskóla miðað við 1.381 kennslustundir í öðrum skólum árin 2009-2017.


Tafla 1. Mat á 33 kennslustundum í Melaskóla.

Mat á kennslustundum	Fjöldi	Hlutfall
Frábær	3	9%
Góð	26	79%
Þarf að bæta	3	9%
Ekki metin	1	3%
Óviðunandi	0	0%
Samtals	33	100%


² **Fræðandi kennslustund:** Kennarinn miðlar fyrst og fremst efni, staðreyndum og hugtökum. Kennsluathafnir eru að útskýra, sýna og spyrja. Ef spurt, þá eru það spurningar sem kalla oftast á eitt rétt svar. Vinna við verkefni og vinnubækur mótast af því að taka á móti staðreyndum og setja þær fram á ákveðinn hátt, ein þekkt lausn. **Leiðbeinandi:** Kennarinn stýrir framvindu kennslustunda en leggur áherslu á krefjandi spurningar og lausnaleit sem reynir á rökhusun nemenda. Áhersla er á námsferlið sem leið til náms frekar en námsefnið einvörðungu. Nemandinn er í forgrunni og hann er virkur í að athuga, rannsaka og draga ályktanir. Áhugi nemenda og forvitni er drifkraftur námsathafna. Kennarinn skapar námsaðstæður og tækifæri nemenda til þátttöku, hann sér um að bjargir séu til staðar og veitir endurgjöf meðan á námi stendur.

Tafla 2. Kennsluaðferðir notaðar í 33 kennslustundum í Melaskóla.


Kennsluaðferðir	Fjöldi	Hlutfall
Innlögn	21	64%
Verkefnavinna	26	79%
Þemavinna	1	3%
Verklegt	3	9%
Sköpun	8	24%
Tjáning	6	18%
Tilraunir	1	3%
Markviss samvinna	7	21%
Sjálfstæð vinna	4	12%
Eigið val	1	3%
Bekkjarfundur	2	6%




Mynd 4: Hafa nemendur val um verkefni?




Mynd 5: Hafa nemendur val um útfærslu verkefna?




Mynd 6: Einstaklings- eða samvinna í 33 kennslustundum í Melaskóla.




Mynd 7: Notkun í upplýsingatækni í 33 kennslustundum í Melaskóla.



Mynd 8: eru markmið stundarinnar sýnileg, í 33 kennslustundum í Melaskóla.



Mynd 9: Eru markmið kynnt, í 33 kennslustundum í Melaskóla.



Mynd 10: Lýsing kennsluhátta, fræðandi, leiðbeinandi eða blanda³.

³ **Fræðandi kennslustund:** Kennarinn miðlar fyrst og fremst efni, staðreyndum og hugtökum. Kennsluathafnir eru að útskýra, sýna og spyrja. Ef spurt, þá eru það spurningar sem kalla oftast á eitt rétt svar. Vinna við verkefni og vinnubækur mótast af því að taka á móti staðreyndum og setja þær fram á ákveðinn hátt, ein þekkt lausn. **Leiðbeinandi:** Kennarinn stýrir framvindu kennslustunda en leggur áherslu á krefjandi spurningar og lausnaleit sem reynir á rökhusun nemenda. Áhersla er á námsferlið sem leið til náms frekar en námsefnið einvörðungu. Nemandinn er í forgrunni og hann er virkur í að athuga, rannsaka og draga ályktanir. Áhugi nemenda og forvitni er drifjörður námsathafna. Kennarinn skapar námsaðstæður og tækifæri nemenda til þátttöku, hann sér um að bjargir séu til staðar og veitir endurgjöf meðan á námi stendur.

FYLGISKJAL 4: NIÐURSTÖÐUR KANNANA OG SKIMANA Í MELASKÓLA.

SAMRÆMD KÖNNUNARPRÓF.

Tilgangur samræmdra könnunarprófa er að meta hvernig markmiðum aðalnámskrár hefur verið náð og veita endurgjöf til nemenda, foreldra, kennara, fræðslufirvalda. Með þessari endurgjöf er til dæmis hægt að fá upplýsingar um þekkingu og hæfni hvers nemanda, hvort breyta þurfi áherslum í námi, hvað þurfi að bæta og almennt hver séu gæði menntunar.

Tafla 3: Samræmd könnurpróf, niðurstöður Melaskóla árin 2015-2018.

Samræmd könnunarpróf - meðaltal Melaskóla og Reykjavíkur					
	2014	2015	2016	2017	2018
4. bekkur					
Íslenska	34,6	33,5	33,2	36,2	35,6
Reykjavík	30,6	30,9	30,1	30,3	31,2
Stærðfræði	34,3	33,7	30,5	37,4	33,8
Reykjavík	30,3	30,8	30,0	30,2	30,6
7. bekkur					
Íslenska	34,6	37,5	37,1	36,3	37,8
Reykjavík	31,3	30,7	30,9	30,6	30,9
Stærðfræði	33,1	38,1	34,9	33,9	37,5
Reykjavík	31,4	30,3	30,4	30,6	31,1
	Alltaf yfir meðaltali RVK sl. 5 ár.				
	Aldrei undir meðaltali RVK sl. 5 ár.				


LESSKIMUN.

Niðurstöður úr lestrarskimun vorið 2019 í Melaskóla.

Skimunin var lögð fyrir í apríl 2019 og í Melaskóla svöruðu 70 nemendur skimuninni. Af 70 nemendum sem svöruðu voru 31 drengir og 39 stúlkur.

Niðurstöður fyrir alla skóla í Reykjavík eru þær að 820 nemendur af 1.350, eða tæp 61% nemenda, ná a.m.k. 65% árangri á lesskimunarprófinu. Þessir nemendur teljast því samkvæmt skilgreiningu geta lesið sér til gagns. Nemendur sem ekki ná 65% árangri á prófinu eru 530 eða tæp 39%. Í Melaskóla geta 58 nemendur af 71, eða 82%, lesið sér til gagns. Samkvæmt skimuninni geta um 62% stúlkna og 59% drengja í Reykjavík lesið sér til gagns. Í Melaskóla geta 84% drengja og 80% stúlkna lesið sér til gagns.


Mynd 11 sýnir hlutfall nemenda í Melaskóla árin 2015 til 2019 sem geta lesið sér til gagns, borið saman við hlutfall nemenda í Reykjavík.



Mynd 11: Hlutfall nemenda sem geta lesið sér til gagns.

Á mynd 12 má sjá árangur í lesskímun í Melaskóla árin 2019 og 2018 ásamt árangrinum í Reykjavík árið 2019. Hér sjást hlutföll nemenda eftir því hvort þeir geta lesið sér til gagns, séu við það að ná tókum á lestrinum eða þurfa líklega á sérstökum stuðningi að halda.

Hlutföll nem. í Melaskóla og í Reykjavík eftir árangri í lesskimun.



Mynd 12: Árangur Melaskóla í Lesskimun.

MILLI MÁLA, MÁLSKILNINGSPRÓF.

Niðurstöður úr málskilningsprófi í Melaskóla.

Milli mála er málskilningspróf sem lagt er fyrir nemendur í 1.-7. bekk sem eru með annað móðurmál en íslensku. Alls voru 29 nemendur komu út á rauðu sem gefur til kynna að þeir eru í verulegum vanda með orðaforða þess námsefnis sem þeir vinna með inn í bekk. Stór hluti þeirra hefur komið til landsins á síðustu þremur árum. Miðað við að fjöldi nemenda í Melaskóla sé 570 og að 29 nemendur komu út á rauðu má gera ráð fyrir að rúmlega 5% nemenda í skólanum séu í verulegum vanda með orðaforða þess námsefnis sem þeir vinna með inn í bekk.


TALNALKILL.

Niðurstöður úr stærðfræðiskimun haustið 2018 í Melaskóla.

Í 3. bekk í Melaskóla kláruðu 96 nemendur af 98 í árganginum⁴ stærðfræðiskimunina. Flestir, eða 96% nemenda, fóru bara í gegnum þrep I. Í gegnum fyrstu tvö þrepin fóru 2% nemenda og í gegnum öll þrjú þrepin fóru einnig 2% nemenda. Í töflu 1 má sjá meðaltöl í þrepi I eftir hópum í Melaskóla og í töflu 2 má sjá meðaltöl í skólanum í öllum prófþáttum, samanborin við Reykjavík í heild.

⁴ Skv. nemendatölum 1. október 2018.


Á mynd 13 má sjá meðaltöl í Melaskóla árið 2018 í öllum prófpáttum borin saman við árangur skólans í skimuninum 2016-2017.



Mynd 13: Meðaltal í Talnalykli eftir árum og prófpáttum.

Eftir að heildartala hefur verið reiknuð fyrir nemendur sem fóru í gegnum öll þrjú þrepin, sem var 2% hópsins í Melaskóla, er hægt að sjá hvaða nemendur þurfa sérstakan stuðning í stærðfræði. Miðað við heildartölu þarf enginn nemandi sem þreytti skimunina í 3. bekk í Melaskóla á sérstökum stuðningi að halda.

Á mynd 14 má sjá hlutföll nemenda í Melaskóla eftir því í hversu mörg þrep þeir þurftu að fara og hvort þeir þurfa á sérstökum stuðningi að halda í stærðfræði. Niðurstaðan er einnig borin saman við hlutföllin í Reykjavík í heild sinni 2017.



Mynd 14: Hlutföll nemenda í Melaskóla og í Reykjavík eftir þrepum.

SKÓLAPÚLSIN, NEMENDAKÖNNUN.

Niðurstöður úr viðhorfskönnun nemenda í 1.-5. bekk

Melaskóli tók ekki þátt í Skólapúls skólaárið 2019-2020. Í töflu 4 er yfirlit yfir þá þætti sem könnunin mældi fyrir 1.-5. bekk árið 2018-2019 og töflu 5 eru niðurstöður 6.-7. bekkjar árið 2017-18. Niðurstöður Melaskóla er einstaklega góðar en grænn reitur táknar að niðurstaða skólans á matsþáttunum vikur marktækt frá niðurstöðu landsins og sveitarfélaginu.

Tafla 4: Niðurstöður Skólapúlsins, 1.-5. bekkur 2018-19.

Melaskóli tók ekki þátt í Skólapúlsi skólaárið 2019-2020.			
Melaskóli tók þátt 2018-2019 fyrir 1.-5. bekk.			
Matsþættir	Melaskóli	Reykjavíkurborg	Landið
1. Ánægja af lestri			
1.1. Ánægja af lestri 1.b	5,6	5,4	5,5
1.2. Ánægja af lestri 2.b	5,4	5,4	5,6
1.3. Ánægja af lestri 3.b	5,7	5,3	5,2
1.4. Ánægja af lestri 4.b	5,5	5	4,7
1.5. Ánægja af lestri 5.b	4,6	4,2	4,3
1.6. Ánægja af lestri 1.-5.b	5,3	5	5
2. Ánægja með skólann			
2.1. Ánægja með skólann 1.b	5,6	5,4	5,7
2.2. Ánægja með skólann 2.b	5,5	5,3	5,4
2.3. Ánægja með skólann 3.b	5,8	5,2	5,1
2.4. Ánægja með skólann 4.b	5,3	5	4,8
2.5. Ánægja með skólann 5.b	4,9	4,5	4,6
2.6. Ánægja með skólann 1.-5.b	5,4	5,1	5,1
3. Vellíðan í skólanum			
3.1. Vellíðan í skólanum 1.b	5,4	5,4	5,5
3.2. Vellíðan í skólanum 2.b	5,6	5,3	5,3
3.3. Vellíðan í skólanum 3.b	6	5,1	5,1
3.4. Vellíðan í skólanum 4.b	6	5,4	5
3.5. Vellíðan í skólanum 5.b	6,1	5,2	5
3.6. Vellíðan í skólanum 1.-5.b	5,9	5,3	5,2

Grænn litur þýðir að svör þátttakenda í rannsókninni hafi verið tölfræðilega marktækt frábrugðin svörum viðmiðunarhópsins (nemendur í öðrum skólum sem tóku könnunina) og að líkur megi leiða að því að munurinn sem kemur fram í úrtakinu sé einnig til staðar í þýðinu. Engin þáttur kom út á rauðu í Melaskóla.

Tafla 5: Niðurstöður Skólapúlsins, 6.-7. bekkur 2017-18.

Melaskóli tók þátt í Skólapúlsi fyrir 6.-7. bekk árið 2017-2018.			
Matsþættir	Melaskóli	Reykjavíkurborg	Landið
1. Virkni nemenda í skólanum			
1.1. Ánægja af lestri	6	5	4,8
1.2. Þrautseigja í námi	5,7	5,1	5
1.3. Áhugi á stærðfræði	5,2	5,1	5,1
1.4. Ánægja af náttúrufræði	5,4	4,9	4,9
1.5. Trú á eigin vinnubrögð í námi	5,7	5,2	5
1.6. Trú á eigin námsgetu	5,6	5	4,9
2. Líðan og heilsa			
2.1. Sjálfssálit	5,6	4,9	5
2.2. Stjórn á eigin lífi	5,6	4,9	4,9
2.3. Vellíðan	5,5	4,8	4,9
2.4. Einelti	4,6	5,1	5,2
2.5. Tíðni eineltis	8,20%	12,70%	12,10%
2.6. Tíðni hreyfingar - 2 í viku eða oftár	67,50%	39,00%	40,90%
2.7. Hollt mataræði	5,7	4,9	4,8
3. Skóla- og bekkjarandi			
3.1. Samsömun við nemendahópinn	5,7	5	5
3.2. Samband nemenda við kennara	5,1	4,9	5
3.3. Agi í tímum	5,6	4,9	5
3.4. Virk þátttaka nemenda í tímum	6,2	5,1	5,1
3.5. Mikilvægi heimavinnu í náminu	5,8	4,6	4,7

Grænn litur þýðir að svör þátttakenda í rannsókninni hafi verið tölfræðilega marktækt frábrugðin svörum viðmiðunarhópsins (nemendur í öðrum skólum sem tóku könnunina) og að líkur megi leiða að því að munurinn sem kemur fram í úrtakinu sé einnig til staðar í þýðinu. Engin þáttur kom út á rauðu í Melaskóla.

FYLGISKJAL 5: REKSTRARNIÐURSTAÐA MELASKÓLA FRÁ 2015-2018.

Rekstrarniðurstaða Melaskóla	
2015	17,4 m.kr halli
2016	5,9 m.kr halli
2017	38,0 m.kr halli
2018	42,4 m.kr halli

Flokkur	Fjárhæð 2018	Áætlun 2018	Fjárhæð 2017	Áætlun 2017	Fjárhæð 2016	Áætlun 2016	Fjárhæð 2015	Áætlun 2015
Annar rekstrarkostnaður	13.012.755	375.637	36.553.032	33.731.435	35.351.813	31.263.120	31.903.051	32.772.081
Laun og launatengd gjöld	661.363.320	660.172.998	661.749.981	627.894.993	556.803.329	561.343.553	503.830.209	505.929.395
Tekjur	-48.382.810	-50.979.081	-56.477.845	-51.614.400	-57.548.446	-45.206.580	-44.497.640	-37.410.912
Innri leiga- hús og búnaðar	157.196.461	157.578.840	158.755.800	159.846.804	152.983.958	154.555.049	150.769.956	153.823.926
Heildarsumma	783.189.726	767.148.394	800.580.968	769.858.832	687.590.654	701.955.142	642.005.576	655.114.490

Helstu frávík

Árin 2015 til 2018 var skólinn í rekstrarhalla og því rekinn umfram það fjármagn sem honum er úthlutað.

Árið 2015

Halla ársins má að mestu rekja til yfirkeyslu í ræstingu, sem heyrir undir húsnæðiskostnað en er í raun launaliður.

Árið 2016

Halla ársins má að mestu rekja til yfirkeyslu í ræstingu, kennslugögnum og öðrum rekstrarkostnaði. Þá kemur afgangur í tekjum á móti

Árið 2017

Halla ársins má að mestu rekja til yfirkeyslu í launakostnaði.

Árið 2018

Halla ársins má að mestu rekja til yfirkeyslu í matvöru og öðrum rekstrarkostnað.

Haukur Viðar Alfreðsson

Fjármála- og rekstrarþjónusta, skóla- og frístundasvið